8. júní 2021

Til aðildarhafna Hafnasambandsins

Könnun á nýframkvæmdum og endurbótum hafnarmannvirkja

Hafnasambandið er að hefja vinnu við úttekt á nýframkvæmda- og viðhaldsþörf hafnarmannvirkja um land allt. Sumarstarfsmaður sambandsins, Sesselía Dan Róbertsdóttir hagfræðingur, mun annast gagnaöflun og skýrslugerð sem stefnt er á verði tilbúin á haustdögum.

Meðfylgjandi er spurningalisti sem stjórnendur hafna eru beðnir um að yfirfara og fylla út eftir bestu getu sem allra fyrst. Mikilvægt er að safna sem mestum upplýsingum fyrripart sumars svo góður tími gefist til frekari yfirferðar og samantektar. Samhliða þeim upplýsingum sem koma frá hafnarsjóðum verður aflað frekari upplýsinga frá Vegagerðinni og fleiri aðilum auk upplýsinga frá Náttúruhamfaratryggingum Íslands um endurstofnsvirði hafnarmannvirkja á Íslandi.

Það er mat Hafnasambandsins að brýnt sé að safna saman á einn stað ítarlegum upplýsingum um almenna viðhaldsþörf hafnarmannvirkja og öllum áformum um framtíðaruppbyggingu næstu ár. Málefni hafna þurfa að fá meiri þunga í almennri umræðu um samgöngumál og um leið skilning stjórnvalda á mikilvægi hafnarþjónustu og öruggum og nútímalegum hafnarmannvirkjum um land allt.

Í spurningalistanum er leitað upplýsinga um heildarfjárfestingar á hafnarsvæði sl. 5 ár, þ.e. 2016 til 2020. Þá er spurt um áætlaða viðhaldsþörf hafnarmannvirkja næstu 5 árin, þ.e. 2021-2025 og að lokum áætlanir um fyrirhugaðar nýframkvæmdir næstu 10 árin, þ.e. 2021 til 2030.

Eflaust liggja nákvæmar heildaráætlanir ekki fyrir á öllum stöðum varðandi þessi atriði en mikilvægt er að týna til allt það sem er á verkefnalistum, til umræðu og til skoðunar svo við náum sem bestri yfirsýn um fjárfestingar og fjárþörf hafna næstu árin.

Með von um góðar og skjótar undirtekir

Lúðvík Geirsson
formaður stjórnar Hafnasambands Íslands

Nánari upplýsingar veitir Sesselía Dan Róbertsdóttir: sesseliadan@samband.is

Skjal sótt af '0000000000' dags: 22.11.2026